

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 148/1968. **Páll Kristinsson**

gegn
Bláfeldi h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Í þinghaldi 28. júní 1968 lýsti lögmaður stefnda því, að hann kærði til Hæstaréttar úrskurð, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur sama dag, þar sem héraðsdómari inn hratt kröfu lögmanns stefnda um, að fresta skyldi vitnaleiðslu, sem ákveðin hafði verið þann dag. Með bréfi 11. júlí 1968 „gagnkærði“ stefnandi úrskurð þennan og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði staðfestur og stefnda dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með bréfi 28. ágúst 1968 afturkallaði stefndi kæru þessa. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 4. september 1968.

Úrskurður héraðsdómara um synjun á frestun vitnaleiðslu sætir ekki kærumeðferð, sbr. 21. gr., 1. tl. j, laga nr. 57/1962. Ber því að visa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1968.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 16. 11. 1967, af Páli Kristinssyni, Hverfisgötu 66 A, Reykjavík, gegn Bláfeldi h/f, Síðumúla 21, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 120.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 15.000.00 frá 1. 2. 1966 til 1. 5. 1966, af kr. 30.000.00 frá 1. 5. 1966 til 1. 8. 1966, af kr. 45.000.00 frá 1. 8. 1966 til 1. 11. 1966, af kr. 60.000.00 frá 1. 11. 1966 til 1. 2. 1967, af kr. 75.000.00 frá

1. 2. 1967 til 1. 5. 1967, af kr. 90.000.00 frá 1. 5. 1967 til 1. 8. 1967, af kr. 105.000.00 frá 1. 8. 1967 til 1. 11. 1967 og af kr. 120.000.00 frá 1. 11. 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati hins virðulega réttar.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að hinn 2. maí 1963 tók hið stefnda hlutafélag á leigu húsnæði stefnanda að Síðumúla 21 í Reykjavík, og var upphafleg húsaleiga kr. 40.000.00 á ári, sem greiddist ársfjórðungslega fyrirfram, en samkomulag varð milli aðila að frá og með 1. febrúar 1966 skyldi húsaleigan hækka í kr. 60.000.00 á ári, og átti stefnda að greiða ársfjórðungslega, eða 3 mánuði fyrirfram. Stefnda hefur ekki fengizt til að greiða húsaleigu fyrir mánuðina febrúar 1966 til og með janúar 1968. Síðasta greiðsla féll í gjaldþaga 1. nóvember s.l. Stefnda hefur ekki fengizt til að greiða skuld þessa þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir“.

Stefndi hefur látið sækja þing, og hefur verið lögð fram greinargerð, þar sem stefndi mótmælti því, að nokkurn tíma hefði orðið samkomulag um hækkun á húsaleigunni, og lýsti því jafnframt, að hin umsamda leiguupphæð hefði verið boðin fram „tvisvar eða þrisvar“ og taldi sér því óskýlt að greiða vexti af leigufjárhæðinni og krafðist málskostnaðar, þar sem hér væri um ástæðulausa innheimtu að ræða.

Vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru fram í máli þessu 28. marz s.l. og 8. maí s.l.

Er mál þetta var tekið fyrir á bæjarþinginu í dag, til þess að frekari vitnaleiðslur færu fram í því, mótmælti lögmaður stefnda því, að vitnaleiðslan færi fram, „þar sem lögmaður stefnanda stefnir vitnum og aðilja á þeim tímum, er hann vissi, að aðili var upptekinn“. Jafnframt var bókað eftir lögmanni stefnda: „Þá mótmæli ég einnig sem segir í stefnu, að ekki hafi fengizt samkomulag við lögmann stefnda um fyrirtekt vitnamálsins“. Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitnaleiðslan færi fram, og lét í því tilefni bóka eftirfarandi: „Vitnaleiðsla í máli þessu var upphaflega ákveðin s.l. miðvikudag, og var það ákveðið með um það bil viku fyrirvara með samkomulagi við dómarann. Síðan tilkynnti dómarinn mér, að lögmaður vitnastefnda mundi ekki verða þann dag í bænum. Ég hafði samband við skrifstofu háttvirts andstæðings, og var mér tjáð, að hann væri væntanlegur í bæinn á miðvikudegi. Síðan hafði ég samband við dómarann og bað um ákveðinn dag til vitnaleiðslu, og var þessi tími ákveð-

inn. Í samræmi við það gaf ég út vitnastefnuna á dskj. 16 til þinghalds nú“.

Lögð hefur verið fram vitnastefna á dskj. nr. 16, sem hefur verið löglega birt vitnastefndu þann 26. júní s.l., og þegar á það er litið, að vitni eru mætt á þingstað, svo og lögmaður stefnda er sjálfur mættur, þykja rök þau, er hann hefur fært fram til þess, að vitnaleiðslan fari eigi fram, eigi þess eðlis, að efni séu til að taka kröfu hans til greina.

Kristján Torfason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umrædd vitnaleiðsla skal fara fram.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 29/1968. **Trani s/f**

gegn

Jóni N. Sigurðssyni f. h.

Spades Trading Company.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Trani s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóni N. Sigurðssyni f. h. Spades Trading Company, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.